

Fundur umhverfisráðs barna mars 2011

Fundarstjóri Heiða

Ritari María Björk

Fyrsti fundur: Hákarlahópur Annar fundur: Fiðrildahópur Þriðji fundur: Grísahópur

Allir fengu barmmerki umhverfisráðs. Við fórum aftur yfir það hvers vegna við höldum umhverfisráðsfundi, rifjuðum upp fundarreglur og fundargerð síðasta fundar. Börnin mundu eftir því að síðast höfðu þau fengið vatn og rúsínur og að við hefðum verið að ræða um grænfánann.

Umræðuefni fundarins er flokkun. Við ræddu um það hvert ruslabíllinn færi með ruslið, á Álfsnes og skoðuðum mynd sem sýnir hvað verður um ruslið sem við hendum í ruslafötuna. Við sáum að það myndaði mjög stórt ruslafjall. Við ræddum um hvað við gætum gert til að minnka ruslafjallið. Börnin komu með tillögur að setja ruslið í litlar hrúgur eða moka það ofan í jörðina. En Heiða sagði að þá væri það ennþá rusl, bara á öðrum stað. Börnin sögðu að sumt væri hægt að nota aftur og Heiða sagði að það héti endurvinnsla. Þannig væri hægt að nota gamla ruslið og búa til nýtt. Börnin sögðu frá að þau hefðu séð í teiknimyndum þar sem ruslið væri sett á svona færiband og svo væri eldur. Heiða sagði þeim að þá væri verið að brenna sorpið en þá geta komið efni út í andrúmsloftið sem eru ekki góðar. Börnin komu líka með tillögur að við gætum notað sum ruslið aftur t.d. dósir gætum við skolað og geymt málningu í henni eða búið til trommur.

Við í Reynisholti viljum ekki safna í stórt ruslafjall og því sendum við mikið af okkar rusli í endurvinnsluna. Þá erum við að hugsa vel um umhverfið og náttúruna.

Við skoðuðum myndir af flokkunarkerkjum og lærðum hvað þau standa fyrir. T.d. sögðu börnin að spilliefni væru efni sem geta eyðilaggt jörðina og að maður eigi að fara með fernur í Sorpu. Svo var farið inn á allar deildir og endurvinnslutunna sótt. Hellt var úr öllum endurvinnslutunnunum á mitt gólf og allt flokkað í rétta endurvinnsluflokka.

Að lokum fór börnin með flokkaða sorpið til Magneu í eldhúsinu og nokkur börn fóru svo með það út í endurvinnslutunnuna okkar.

Í samverustund horfðu allir hóparnir á myndband um flokkun.

Svo var fundi slitið

